

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði handa 105
meistara Eiríki Magnússyni. — Með þóknanlegu brjefi frá 30. f. m. hafið þjer, herra 28. sept.
 landshöfðingi, sent hingað ályktun, sem samþykkt hefur verið í neðri deild alþingis, þar
 sem skorað er á ráðgjafann fyrir Ísland að veita meistara Eiríki Magnússyni 5400 kr.
 lán úr viðlagasjóði landsins gegn veði í lífsábyrgðarskýrteini, er lántakandi skuldbindur
 sig til að halda í gildi, eður gegn annari viðunandi tryggingu.

Í tilefni af þessu er yður þjónustusamlega veitt heimild til að veita meistara
 Eiríki Magnússyni hið umrædda lán á þann hátt, er neðri deild alþingis ræður til, og
 skal í skuldabryfi því, er lántakandi á að gefa út, auk nauðsynlegra ákvarðana um
 vaxtagreiðslu af láninu og endurborgun þess, enn fremur tekið fram, að lántakanda beri
 að færa sönnur á það fyrir landshöfðingja, að lífsábyrgðarskýrteininu, sem honum ber að
 afhenda landshöfðingja til tryggingar fyrir láninu, sje haldið í gildi með greiðslu ár-
 gjaldsins í rjettan eindaga.

Þess skal getið, að ráðgjafinn hefur skýrt E. Magnússyni frá heimild þeirri, er
 yður þannig hefur verið veitt, og er látið fylgja hjer með skjal nokkurt, er hann sendi
 hingað til sönnunar því, að árgjaldið fyrir lífsábyrgðarskýrteini það, er hann ætlar að
 bjóða fram til tryggingar láninu, sje greitt í seinasta skipti 16. maí þ. á.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa sveitarbúend- 106
um til að auka bústofn sinn, og um hallærisláu. — Með þóknanlegu brjefi frá 27. f. 28. sept.
 m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, sem samþykkt hefur verið í báðum
 deildum alþingis, og þar sem skorað er á ráðgjafann fyrir Ísland að veita landshöfðingja
 heimild til að lána út með venjulegum kjörum og nægum tryggingum, allt að 100000 kr.
 Ef á þyrfti að halda, skyldi taka fje þetta af innritunarskýrteina upphæð viðlagasjóðsins,
 og skyldi einkum veita lánin sveitarbúendum þeim, sem þyrftu að auka bústofn sinn. Þjer
 getið þess, að ráðstöfun sú, er þingið þannig ræður til, muni að vísu eigi hafa neina
 þýðingu, þegar um það er að ræða, að afstýra hallæri, en megi þó álítast geta orðið
 að gagni, og hafið þjer því lagt það til, að áskorun þingsins verði tekin til greina.

Í tilefni af þessu skal ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þókn-
 anlegrar leiðbeiningar, að yður veitist hjer með hin umrædda heimild. En með því að
 ráðgjafanum er ókunnugt um, hvað mikið þarf í þessu skyni af innritunarskýrteina upp-
 hæð landssjóðsins, sem og um það, hvort þjer, herra landshöfðingi, óskið yður senda pen-
 ingana á þessu ári, eruð þjer þjónustusamlega beðnir að láta uppi ósk yðar í því efni
 með þessari pósthæð, til þess að skuldabryfasala sú, sem þörf er á, geti framfarið og
 upphæð sú, er þjer óskið eptir, orðið send yður með póstskipi því, er fer hjeðan í nóv-
 embermánuði.

Til vonar og vara skal yður ennfremur, herra landshöfðingi, veitt heimild til
 að veita sýslunefndum og amtsráðum, lán þau úr landssjóði, er óhjákvæmilega nauðsynleg
 virðast, til þess að afstýra hallæri, gegn því að þau verði ávöxtuð og endurgreidd á þann
 hátt, er alþingi 1885 ákveður.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um stöðu byggingarnefnd- 107
ariunnar gagnvart bæjarstjórninni. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., hafið þjer, 4. okt.
 herra bæjarfógeti, farið þess á leit, að jeg felli úr gildi þá ákvörðun bæjarstjórnarinnar,